

**Ed.**

**325. Lög**

**um háskólakennara.**

(Afgreidd frá Ed. 20. marz).

**1. gr.**

Þegar dócentar við Háskóla Íslands hafa starfað i embætti um 6 ár, verða þeir prófessorar með sömu réttindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans. Þó skal ekki greiða þeim hærri launaviðbót en svo, að samänlögð laun og aukatekjur embættisins verði jafnt prófessorslaunum.

**2. gr.**

Nú hefir dócent starfað i embætti sinu lengur en 6 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, og skulu þá laun hans vera þau sömu sem þau mundu verið hafa, ef lög þessi hefðu gilt frá því er hann tók við embætti við háskólann.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.